

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Fellsmúla Hellu



Dags eftirlits	8.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Fellsmúli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hlökkversdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Cees-Jan Bastiaansen; Neil Stallard	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað fyrir 1. maí 2024. 2) Losun fosfórs árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi. 3) Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað fyrir 1. maí 2024. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Fylgjast þarf vel með fóðurnotkun og tryggja að réttum upplýsingum sé skilað til eftirlitsaðila. 2) Vöktunaráætlun skal vera til og samþykkt af Umhverfisstofnun. 3) Takmarka skal vöxt sveppa í frárennsli. Eitt frávík sem varðar að losun fosfórs árið 2021 var umfram heimild, var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matorku ehf. í Fellsmúla.

Samkvæmt starfsleyfi Matorku ehf, Fellsmúla má framleiðsla í stöðinni á ári og lífmassi á hverjum tíma ekki vera meiri en 350 tonn af laxfiskum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti

Í eftirliti 2023 kom fram eitt frávík sem varðar að losun fosfórs árið 2021 var umfram heimild í starfsleyfi. Unnið er skv. úrbótaáætlun rekstraraðila sem gerir ráð fyrir: 1) Að flytja smærri fiska í stöð fyrirtækisins í Grindavík. 2) Nota beinar mælingar á losun fosfórs. 3) Nota fóður með lægra fosfórinnihaldi. Úrbótum er ekki lokið.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað á tilskildum tíma.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað 22. maí 2024.

Ársyfirliti fyrir árið 2022 var skilað á tilskildum tíma.

Í ársyfirliti fyrir árið 2022 kemur fram að losun fosfórs árið 2022 hafi verið 8,6 kg/framleitt tonn og er það frávík frá starfsleyfi.

Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Niðurstöður útreikninga á fosfórlosun árið 2023 eru að losunin hafi verið 7 kg/framleitt tonn. Fóðurstuðull stöðvarinnar hefur lækkað mikið á milli ára og er því rekstraraðila bent á að fylgjast vel með fóðurnotkun og tryggja að réttum upplýsingum, t.d. um fóðurstuðul, sé skilað til eftirlitsaðila.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og það uppfært. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu en þær breyta ekki niðurstöðum þess.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Rekstraraðili er ekki með ISO vottun, en farið var yfir aðrar vottanir sem eru í gildi. Flestar áætlanir sem skulu vera í gildi, voru uppfærðar í september 2022. Vegna mannbreytinga hafa þær ekki verið uppfærðar en skv. upplýsingum rekstraraðila verða þær endurskoðaðar á næstunni. Vöktunaráætlun sem gildir í afmarkaðan tíma, skal vera til staðar. Núgildandi áætlun er síðan 2015 og er rekstraraðila því bent á að senda eftirlitsaðila slíka áætlun til samþykktar, sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Efnageymsla og öryggisblöð voru skoðuð og eru engar athugasemdir gerðar þar um. Olíugeymir úr plasti er á lóð og eru árekstrarvarnir í lagi. Frárennsli stöðvarinnar var skoðað og sást talsverður sveppagróður í því. Samkvæmt rekstraraðila er um eðlilegan vöxt að ræða því sveppagró berist með vatni inn í stöðina. Rekstraraðila er bent á að hindra eins og kostur er, vöxt sveppa í frárennsli í samræmi við gr. 2.5 í starfsleyfi.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.6 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað fyrir 1. maí 2024.

Gr. 2.4 í starfsleyfi

Losun fosfórs árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi.

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

ÁBENDINGAR


Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Fylgjast þarf vel með fóðurnotkun og tryggja að réttar upplýsingar, t.d. um fóðurstuðul, séu sendar eftirlitsaðila.
- 2) Vöktunaráætlun dags. 22.1.2015 er til staðar. Gildistími hennar kemur ekki fram í áætluninni. Samkvæmt starfsleyfi skal vöktunaráætlun vera til afmarkaðs tíma hverju sinni og er nú farið fram á endurskoðun hennar.
- 3) Takmarka skal eins og mögulegt er, vöxt sveppa í frárennsli.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.07.2024


Freyr Evarsson

